

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Geysisvæðið í Haukadal.

Deiliskipulagið tekur til hverasvæðis Geysis norðan Biskupstungnabrautar og útsýnisstaðar á Laugafelli. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar gönguleiðir og settir skilmálar um stíga af mismunandi gerð og útsýnispalla.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. apríl 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 6. júní 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 20. júní 2016